

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. september 2010 í máli nr. E-8517/2009:

Kaja Ósk Skarphéðinsdóttir

f.h. ófjárráða dóttur sinnar

Anítu Rúnar Bech Kajudóttur

og

Linda Björg Reynisdóttir

f.h. ófjárráða dætra sinna

Gunnhildar Erlu Lindudóttur og

Huldu Siggerðar Lindudóttur

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Suðurverki hf.

og

Vátryggingafélag Íslands hf.

(Hákon Arnason hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 3. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Kaju Ósk Skarphéðinsdóttur f.h. ófjárráða dóttur sinnar, Anítu Rúnar Bech Kajudóttur, Greniteigi 7, Reykjanesbæ og Lindu Björgu Reynisdóttur f.h. ófjárráða dætra sinna, Gunnhildar Erlu Lindudóttur og Huldu Siggerðar Lindudóttur, Rifkelsstöðum 2a, Akureyri á hendur Suðurverki hf., Hlíðarsmára 11, Kópavogi og Vátryggingafélagi Íslands, Ármúla 3, Reykjavík með stefnu birtri 15. júní 2009.

Dómkröfur stefnenda eru þær að stefndu verði in solidum gert að greiða:

Anítu Rún Bech Kajudóttur kr. 4.632.772, með 4,5% ársvöxtum frá 2. apríl 2006 til 20. maí 2009 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr.

38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Gunnhildi Erlu Lindudóttur kr. 3.109.840, með 4,5% ársvöxtum frá 2. apríl 2006 til 20. maí 2009 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Huldu Siggerði Lindudóttur kr. 3.696.306, með 4,5% ársvöxtum frá 2. apríl 2006 til 20. maí 2009 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og taki tildæmdur málskostnaður mið af því að stefnendur eru ekki virðisaukaskattskyldar.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og tildæmdur málskostnaður úr þeirra hendi að mati dómsins, en til vara að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málsatvik

Faðir stefnenda, Lúðvík Halldórsson, lést í vinnuslysi við Desjarárstíflu Kárahnjúkavirkjunar þann 2. apríl 2006. Starfaði Lúðvík hjá stefnda Suðurverki hf. og var við störf þegar slysið átti sér stað. Lúðvík var þaulvanur vélavinnumaður, er hafði starfað á gröfu hjá stefnda, Suðurverki hf., frá því í nóvember 2003, eða um rúmlega þriggja ára skeið.

Tildrög slyssins, eins og þeim er lýst í skýrslu Vinnueftirlitsins, voru þau að Lúðvík vann á gröfu við að hreinsa grjót úr kanti grjótnáunnar, en sprengt hafði verið þar skömmu áður. Stóð grafan á plani í sprengdri grjóthrugunni við verkið þegar hún valt á hliðina. Féll grafan tvo metra niður í námuna og stjórnhús hennar lenti á stórum steini með þeim afleiðingum að Lúðvík lést.

Þegar slysið varð var Lúðvík að vinna í grjótnámu norðan við vinnubúðir Suðurverks við Desjarárstíflu. Var honum falið að hreinsa úr bergvegg námunnar eftir að lokið hafði verið við að sprengja bergið. Aðstæður voru allar erfiðar, en miklar frosthörkur höfðu verið. Ekki var hægt að hreinsa úr berginu ofan frá vegna hálku, en á brún námunnar, þar sem sprengt hafði verið, var ótraust móbergslag og frostkögglar, sem hætta var á að féllu niður. Þurfti að hreinsa þetta burt með beltagröfunni. Sökum aðstæðna var Lúðvík því staðsettur niðri í námunni við hreinsun á hinum 9 metra háa bergvegg. Búið var til eins konar stæði fyrir gröfuna á hinu sprengda svæði en færa þurfti gröfuna til á vinnustæðinu eftir því sem leið á verkið.

Þennan dag hafði Lúðvík verið að vinna frá því klukkan 7 árdegis, með einnar og hálftrar klukkustundar hléi um miðbik dagsins á meðan sprengt var í námunni. Um klukkan 19.00 fóru aðrir, sem unnið höfðu við verkið, í mat en Lúðvík varð einn eftir til að ljúka verkinu. Var hann einn að störfum á svæðinu þegar grafan sem hann starfaði á valt með fyrrgreindum afleiðingum.

Engin vitni voru að slysinu.

Grafa sù sem Lúðvík starfaði á í umrætt skipti var með gilda skoðun frá Vinnueftirlitinu og hafði Lúðvík gild réttindi á gröfunna. Grafan var ekki búin veltigrind en var hins vegar búin styrktu grindarstjórnhúsi með tilliti til veltu, TOPS (Tip Over Protection Structure), og einnig til varnar hrúni ofan frá eða FOPS (Falling Object Protection System). Var beltagrafan og stjórnhús hennar smíðað í takt við kröfur Evrópuráðstílskipunar nr. 98/73/EB og CE merkt.

Vinnueftirlitið kom á vettvang að morgni dags þann 3. apríl 2006, daginn eftir umrætt slys. Fór fram ítarleg rannsókn á slysinu af hálfu Vinnueftirlitsins og lögreglunnar á Eskifirði. Skv. rannsóknarskýrslu var veður á Kárahnjúkum kl. 20 þann 2. apríl á þann hátt að bjart var af degi, NNV 6.3 m/s, hiti – 7,3° C og gekk á með smá eljum. Við rannsókn á slysinu reyndist gálgi beltagröfunnar hafa verið sem næst í efstu stöðu, þegar slysið varð, og skóflan opin. Mátti sjá af ummerkjum að grafan hafði staðið þvert á planinu á grjóttgarðinum með framendann (beltin til austurs) og efri hluta gröfunnar til suðausturs, afstaða til belta var um 45°. Þá mátti sjá að grafan hafði verið færð til um eina vélarlengd til austurs, og að grafan hafði oltið fram og yfir til vinstri úr þeirri stöðu og fallið niður af planinu um tvo metra, þar sem hún hafnaði á stórgrýti og efri hluti stjórnhússins lagðist saman. Reyndist grafan hafa staðið á planinu með þriðjung vinstra beltis í lausu lofti utan við jaðar plansins. Mátti og ráða af malarhrygg milli belta, að grafan hafði lyft upp hægra beltinu um leið og hún valt.

Ágreiningur varð um sök stefnda Suðurverks hf. í máli þessu og var honum skotið til Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum, sem með álit 16. desember 2008 taldi ekki sýnt fram á að slysið hefði orðið vegna atvika sem stefndi, Suðurverk hf., ætti sök á. Var því höfðað mál þetta af hálfu stefnenda.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur reisa bótaábyrgð á sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Stefnendur telja að koma hefði mátt í veg fyrir slys Lúðvíks Halldórssonar heitins ef verkstjórn og aðstæður á vinnustað hefðu verið fullnægjandi, lögum og reglum verið fylgt, grafan útbúin lögboðinni veltigrind og nægileg aðgát verið viðhöfð á vinnustað af hálfu stjórnenda stefnda, Suðurverks hf.

Byggja stefnendur á því að aðstæður til vinnu hafi verið slæmar á vinnusvæðinu umræddan dag, miklar frosthörkur á staðnum og víða hálka og snjór. Samt sem áður hafi Lúðvík heitnum verið falið að vinna einum, án þess að nokkur annar starfsmaður væri honum til aðstoðar, á afar stórgrýttu vinnusvæði í rökkri við hættulega vinnu. Þá hafi lýsing ekki verið fullnægjandi eins og komi fram í lögregluskýrslu dags. 12. júlí 2006 en þar segir að eftir slysið hafi starfsmenn gert ráðstafanir til að lýsa upp slysstaðinn. Þar að auki hafi Lúðvík verið við vinnu frá því kl. 7 árdegis eða í um 12 klukkustundir.

Stefnendur telja að verkstjóra Suðurverks hf. hafi verið vel ljóst hversu vandasamt og hættulegt það verk var sem hinum látna var falið að vinna þetta

kvöld. Grafan hafi verið staðsett niðri í grjótnámu ofan á lausu grjóti þar sem reynt hafi verið að búa til svæði sem grafan gæti staðið á. Verkstjórnendum stefnda, Suðurverks hf., hafi verið fullljóst að færa þurfti gröfuna úr stað svo hreinsa mætti allan bergvegginn. Vegna þess að Lúðvík hafi verið skilinn einn eftir við þetta vandasama verk þá hafi hann ekki notið neinnar leiðsagnar frá starfsmanni niðri á jafnsléttu um undirlagið, heldur hafi hann þurft að meta aðstæðurnar sjálfur ofan úr gröfunni um leið og hann færði gröfuna til á vinnusvæðinu. Það sjónarhorn hafi gert honum nær ókleift að meta með fullnægjandi hætti aðstæður á vinnusvæðinu auk þess sem stefnendur bendi á að kvöldsett hafi verið og myrkur að skella á.

Stefnendur benda á að samkvæmt lögregluskýrslu hafi vinnuljós á svæðinu ekki verið kveikt þegar slysið varð. Allt þetta hafi stuðlað að slysinu. Með því að sjá til þess að einn starfsmaður Suðurverks hf. yrði eftir til að leiðbeina Lúðvík við að færa gröfuna og gæta þess að hún stæði á traustu undirlagi og kveikja vinnuljós á svæðinu þegar rökkvaði, jafnframt því að tryggja næga lýsingu, hefði mátt koma í veg fyrir banaslysið.

Stefnendur byggja kröfu sína jafnframt á því að stefndi, Suðurverk hf., hafi ekki farið eftir ákvæðum reglugerðar um notkun tækja nr. 431/1997 sem í gildi var á slysdegi. Benda stefnendur á að í 1. mgr. 3. gr. segi að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki, sem starfsmönnum séu látin í té innan fyrirtækisins, henti til þeirra verka sem vinna eigi, þannig að starfsmenn geti notað þau án þess að öryggi þeirra eða heilsu stafi hætta af. Af þessu sé ljóst að það sé á ábyrgð atvinnurekanda að velja tæki sem henti til þeirra verka sem starfsmönnum er ætlað að vinna. Starfsmenn eigi að geta notað tækin sem þeim hafi verið fengin til vinnu og jafnframt eigi þeir að geta treyst því að öryggi þeirra eða heilsu stafi ekki hætta af.

Stefnendur benda á að þegar tæki séu valin til vinnu skuli atvinnurekandi hafa í huga þau sérstöku vinnuskilyrði, þær aðstæður og þá áhættu gagnvart öryggi og heilsu starfsmanna sem fyrir hendi séu innan fyrirtækisins og á vinnustað. Einkum skuli atvinnurekandi hafa í huga áhættu á þeim stað þar sem vinna fer fram og enn fremur aðra þá áhættu sem notkun viðkomandi tækis kunnir að hafa í för með sér, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Það verk sem Lúðvík heitnum hafi verið falið að vinna hafi verið hættulegt enda vann hann á stæði ofan í grjótnámu sem þakið var lausu stórgrýti. Því hafi verið mikilvægt að grafa sú er hann notaði við verkið væri búin þeim öryggisbúnaði, sem aðstæður sem þessar hafi krafist. Svo hafi hins vegar ekki verið, þar sem grafan var ekki búin fullnægjandi öryggisgrind til að tryggja öryggi stjórnandans að mati stefnenda.

Stefnendur benda jafnframt á þá skyldu atvinnurekanda, sem finna megja í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að áhættu sé haldið í lágmarki geti atvinnurekandinn ekki að fullu tryggt að starfsmenn geti notað tæki án þess að stofna öryggi sínu eða heilsu í hættu. Því hafi mátt gera þær lágmarkskröfur til stefnda, Suðurverks hf., að sjá til þess að grafa Lúðvíks væri búin fullnægjandi öryggisbúnaði, en svo hafi ekki verið. Ljóst sé því að stefndi, Suðurverk hf., hafi ekki farið að fyrirmælum þessara ákvæða enda hafi grafan ekki verið búin fullnægjandi öryggisbúnaði til að tryggja öryggi stjórnandans. Þá hafi vinnusvæðið verið stórhættulegt og ekki gerðar neinar ráðstafanir til að draga úr hættunni með lýsingu eða hjálp við að staðsetja gröfuna þegar kom að því að færa þurfti hana til við vinnuna.

Stefnendur tilgreina I. viðauka reglugerðarinnar, en í grein 2.6. segi að þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefjist skuli tryggja stöðugleika tækja með festingum eða á annan hátt. Jafnframt sé að finna lágmarkskröfur um hreyfanleg tæki í grein 3.1.4. Þar segi að hreyfanlegt tæki með starfsmönnum skuli vera þannig búið að við raunveruleg notkunarskilyrði sé takmörkuð hættu á því að það velti eða því hvolfi. Það skuli gert annað hvort með veltigrind sem komi í veg fyrir að tækið hallist meira en 45° eða með grind sem skapi nægilegt rými umhverfis starfsmann á tækinu verði hallinn meiri en 45° eða með öðrum búnaði sem hafi sömu áhrif.

Stefnendur tilgreina einnig ákvæði 3. mgr. 3.4.1. greinar reglugerðarinnar en þar segi að sé hættu á að starfsmaður sem sé á tækinu geti kramist milli hluta tækis og undirlags, ef tækið velti, skuli vera á því öryggisbúnaður til að koma í veg fyrir slíka hættu. Svo hafi ekki verið við ofangreinda framkvæmd og leiði það einnig til bótaábyrgðar stefnda Suðurverks hf. Er og bent á að í grein 3.4.3. segi að sé hættu á því að sjálfknúin vél velti, þar sem ökumaður sé innanborðs, skuli hana hana og útbúa þannig að á henni séu festingar fyrir veltigrind. Ef vélin velti, eigi veltigrindin að tryggja nægilegt aflögunarrými fyrir ökumann þannig að stýrishúsið klemmi hann ekki.

Stefnendur vísa í að samkvæmt upplýsingum frá Ásmundi Jónssyni, framkvæmdastjóra vélasviðs Heklu hf., dags. 16. október 2008, hafi grafan sem Lúðvík var á ekki verið búin veltigrind eða búnaði í samræmi við ofangreind ákvæði. Það sé því ljóst að Suðurverki hf. hafi borið að tryggja að verk það sem Lúðvík vann væri unnið þannig að sem minnst hættu stafaði af og þannig hefði mátt koma í veg fyrir andlát hans. Sé því ljóst af framansögðu að stefndi, Suðurverk hf., hafi ekki farið eftir þeim reglugerðarákvæðum sem stefnendur hafi tilgreint. Samkvæmt íslenskum rétti sé bótaábyrgð nær undantekningarlaust viðurkennd þegar farið hafi verið á svig við laga- og reglugerðarákvæði og það leitt til tjóns.

Stefnendur telja stefnda, Suðurverk hf., einnig hafa kosið að fylgja ekki ákvæðum II. viðauka reglugerðarinnar, en þar segi í grein 1.1 að tæki skuli staðsett og notað þannig að sem minnst hættu stafi af fyrir þá sem það nota. Einnig sé að finna reglu í ákvæði 3.1.1 sem varða notkun tækja sem lyfta skuli byrðum. Þar segi að tæki sem séu hreyfanleg og ætluð til að lyfta byrði skuli notuð þannig að stöðugleiki tækisins sé tryggður á meðan á notkun tækisins stendur við allar fyrirsjáanlegar aðstæður og tekið sé mið af því hvernig undirlagið sé. Stefndi, Suðurverk hf., hafi ekki virt þessar skyldur sínar sem hvíli á atvinnurekanda og verkstjórum í umboði hans því planið þar sem grafan var staðsett hafi bæði verið stórgrýtt og undirlag þess laust. Því hafi stefnda Suðurverki hf. borið skylda til þess að sjá til að vinnuumhverfi væri forsvaranlegt og í samræmi við lög og reglur en það hefði t.d. mátt gera með því að útbúa stærra og stöðugra vinnuplan fyrir verk það sem Lúðvík var falið að vinna að mati stefnenda. Benda stefnendur einnig á ákvæði 1. mgr. 27. gr. reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996 sem fjallar um uppgröft, vinnu við brunna, neðanjarðarvinnu, gangnagerð og jarðvegsvinnu, en þar segi að gera skuli viðeigandi varúðarráðstafanir við uppgröft, vinnu við brunna, neðanjarðarvinnu og gangnagerð og nota viðeigandi undirstöður.

Stefnendur telja upptalin brot á reglum og reglugerð ásamt áðurnefndri vanrækslu leiða til bótaskyldu Suðurverks hf. Einnig hafi verið brotin ákvæði laga

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og megi sem dæmi nefna ákvæði 37., 42. og 46. gr. laganna. Stefnendur benda á að íslenskir dómstólar hafi gert strangar kröfur til vinnuveitenda og verkstjóra að tryggja eftir fremsta megni öryggi starfsmanna og skapa sem öruggastar vinnuaðstæður og vísa í dóm Hæstaréttar frá 19. mars 2009 í máli nr. 363/2008.

Af framansögðu sé það því ljóst að mati stefnenda að stefnda, Suðurverk hf., hafi virt að vettugi laga- og regluákvæði um hvernig standa skuli að verki til að takmarka slysaþættu við jafnhættulegar verkframkvæmdir og þarna var unnið. Telja stefnendur því ljóst að stefnda beri bótaábyrgð á slysi Lúðvíks og krefjast þar af leiðandi greiðslu úr ábyrgðartryggingu stefndu, Suðurverks hf., sem félagið hafði á slysaþætti hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf.

Hvað varðar regluna um meðábyrgð tjónþola þá telja stefnendur hana ekki eiga við í þessu tilviki. Reglan sé á þann veg að tjónþoli beri tjón sitt sjálfur í samræmi við þá ábyrgð sem hann beri á því. Eins og fram sé komið hafi Lúðvík verið falið að vinna við afar hættulegar aðstæður á gröfu sem ekki hafi uppfyllt lágmarkskröfur um öryggi. Hefði stefndi farið eftir reglum, hefði slysið a.m.k. ekki orðið jafn alvarlegt og raun bar vitni.

Bótaútreikningur stefnenda

Við ákvörðun bótafjárhæðar byggja stefnendur á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 eins og þau voru á slysaþætti. Bótakrafa stefnenda er, eins og hún var í kröfubréfi stefnenda til stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. dagsettu 20. apríl 2009.

1. Bætur vegna hæfilegs útfararkostnaðar, sbr. 12. gr. skaðabótalaga.

Lúðvík heitinn átti dætur sínar með tveimur konum og báru því tvær fjölskyldur kostnað af útför hans. Stefnandi Hulda Siggerður og stefnandi Gunnhildur krefjast bóta vegna hæfilegs útfararkostnaðar hvor að fjárhæð kr. 350.000. Stefnandi Aníta Rún krefst bóta vegna hæfilegs útfararkostnaðar að fjárhæð kr. 700.000.

2. Bætur vegna missis framfæranda, sbr. 13. gr. skaðabótalaga.

Á árinu 2006 var barnalífeyrir kr. 17.249, á mánuði. Samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 sé heimilt að ákveða framlag til menntunar eða starfsþjálfunar ungmennis samkvæmt kröfu þess allt til þess er það nær 20 ára aldri. Stefnendur reisa kröfu sína á því að í dag taki almennt öll börn stúdentspróf eða önnur sambærileg framhaldsskólapróf og séu því í námi til 20 ára aldurs.

Á slysaþætti var stefnandi Hulda Siggerður 3 ára og 10 mánaða gömul og átti þá rétt til barnalífeyris til 18 ára aldurs eða í 170 mánuði. Stefnandi telur líklegt að hún hefði notið framfærslu föður síns til 20 ára aldurs og miðar hún því kröfu sína við 194 mánuði eða $194 \times 17.249 = 3.346.306$ kr.

Á slysdegi var stefnandi Gunnhildur 6 ára og 8 mánaða gömul og átti þá rétt til barnalífeyris til 18 ára aldurs eða í 136 mánuði. Stefnandi telur hér sömuleiðis líklegt að hún hefði notið framfærslu föður síns til 20 ára aldurs og miðar því kröfu sína við 160 mánuði eða $160 \times 17.249 = 2.759.840$ kr.

Á slysdegi var stefnandi Aníta Rún tæplega eins árs gömul og átti þá rétt á barnalífeyri til 18 ára aldurs eða í 204 mánuði. Stefnandi telur líklegt að hún hefði notið framfærslu föður síns til 20 ára aldurs og miðar því kröfu sína við 228 mánuði eða $228 \times 17.249 = 3.932.772$ kr.

Samkvæmt ofangreindu eru því gerðar eftirfarandi kröfur:

Stefnandi:	útfararkostnaður:	Missir framfæranda:
Hulda Sigg. Lindudóttir	350.000	3.345.306
3.696.306 Gunnhildur E. Lindudóttir	350.000	
2.759.840	3.109.840	
Aníta Rún Kajudóttir	700.000	3.932.772
4.632.772		

Vaxtakrafa stefnenda sé byggð á 16. gr. skaðabótalaga. Vaxta sé krafist frá slysdegi, en dráttarvaxta frá 20. maí 2009, skv. 9. gr. sbr., 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, þegar mánuður var liðinn frá því að lögmaður stefnenda krafði stefnda Vátryggingafélag Íslands hf. bréflaga um greiðslu skaðabóta. Lágu þá fyrir að mati stefnenda, öll gögn sem stefndu þurftu til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

Málskostnaðarkrafa stefnenda sé byggð á 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og því sé nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Stefndu Suðurverki hf. og Vátryggingafélagi Íslands hf. sé báðum stefnt í þessu sama máli með heimild í 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefndu

Sýknukrafa stefndu sé byggð á því að ekki sé sannað að stefndi, Suðurverk hf. eða starfsmenn hans, eigi nokkra sök á slysi Lúðvíks, og telja þeir að augljóslega megi rekja það til gáleysis hans sjálfs. Benda stefndu á í því sambandi á að samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglunnar á Eskifirði og niðurstöðu rannsóknar Vinnueftirlitsins hafi slysið hlotist af því að Lúðvík hafi staðsett gröfuna svo tæpt á

planinu að þriðjungur lengdar vinstra beltis gröfunnar hafi verið í lausu lofti utan við planið, er orsakaði þyngdartilfærslu á gröfunni til vinstri. Hafi þetta valdið því að grafan valt niður af planinu. Telja stefndu það hafa verið stórkostlega gálaust af Lúðvík að fara svona tæpt með gröfuna. Stefndu benda einnig á að lögreglan og vinnueftirlitið hafi talið hugsanlegt, að undirlagið undir vinstra belti gröfunnar hefði gefið sig og grafan oltið við það, eða að báðir þessir þættir hafi saman orsakað það að grafan valt. Telja stefndu það ekki skipta máli hvort heldur var, þar sem Lúðvík hafi í öllum tilvikum verið orsakavaldur þess að grafan valt út af planinu. Hafi það verið Lúðvík og enginn annar sem hafi búið til undirstöðuna fyrir gröfuna til að standa á. Því hafi Lúðvík sjálfur valdið slysinu með því að vanrækja að gera undirstöðuna nægilega trausta. Að sama skapi álíta stefndu að Lúðvík hafi valdið slysinu með því að fara með gröfuna svo tæpt út á jaðar plansins, að vinstra belti gröfunnar fór út fyrir planið og grafan valt. Eigi Lúðvík því bersýnilega sjálfur sök á slysinu, enda hafi það staðið honum næst og verið í hans verkahring að tryggja stöðugleika gröfunnar á planinu. Hafi það átt að vera honum vandalaust enda manna vanastur að búa til undirstöður undir gröfuna og útsýni gott úr stjórnhúsinu niður á belti og undirstöðu gröfunnar. Telja stefndu ekkert sem afsakar eigin sök Lúðvíks í þessu efni. Honum hafi aldrei getað dulist staðsetning gröfunnar á planinu og afstaða hennar til jaðars plansins. Með þessu atferli hafi Lúðvík sýnt stórkostlegt gáleysi.

Þá benda stefndu á að niðurstöðu vinnueftirlitsins um orsakir slyssins, sem studd sé niðurstöðu rannsóknar lögreglunnar á Eskifirði á slysinu, hafi ekki verið hnekkt. Beri því að leggja hana til grundvallar um orsakir slyssins.

Stefndu mótmæla því að stefnda, Suðurverki hf., hafi verið lögskylt að búa gröfuna veltigrind sbr., 3.1.4. gr. rgl. nr. 431/1997. Þar segi að hreyfanleg tæki skuli annað hvort búin veltigrind eða vera með grind, sem skapi nægilegt rými umhverfis starfsmann, ef hallinn verði meiri en 45°, eða með öðrum búnaði sem hafi sömu áhrif. Telja stefndu að grafan hafi verið búin slíkum búnaði og sé það staðfest af Vinnueftirlitinu að grafan hafi verið rétt búin miðað við það verk sem henni var ætlað. Þá segi í grein 3.1.4 að ekki séu gerðar kröfur um veltigrindur þegar tækið stendur stöðugt við notkun. Fari því fjarri að skylt hafi verið að búa gröfuna veltigrind.

Stefndu segja ósannað að stefndi, Suðurverk hf., hafi brotið nokkur ákvæði laga eða reglugerða í tengslum við framkvæmd verksins, er Lúðvík var að vinna við þegar hann lést og að andlát hans verði rakið til þess. Hefði Vinnueftirlitið enda getið þess í skýrslu sinni hefði svo verið. Telur stefndi að tilvísanir stefnenda í almenn öryggis- og aðgæsluákvæði í lögum og reglugerðum og lítt rökstuddar fullyrðingar um meint brot stefnda á þeim hafi því ekkert gildi í þessu efni. Segir stefndi jafnframt ósannað að veltigrind hefði komið í veg fyrir slysið eins og það bar að, og raunar sé það afar ósennilegt, þar sem grafan féll um tvo metra niður af planinu og skall með stýrishúsið á stórgrýti svo efri hlutinn féll saman. Veltigrind hefði engu breytt þar um.

Samkvæmt veðurlýsingu í rannsóknarskýrslu lögreglunnar hafi verið bjart af degi þegar slysið varð. Sé því rangt hjá stefnendum að rökkvað hafi verið og nauðsynlegt að lýsa vinnusvæðið upp meðan vinna stóð yfir. Segir stefndi því alls ósannað að vöntun á vinnulýsingu hafi valdið slysinu. Það að starfsmenn hafi gert ráðstafanir til að lýsa upp slyssaðinn við rannsókn eftir slysið sanni ekki að

lýsingar hafi verið þörf meðan Lúðvík var við störf, svo sem stefnendur haldi fram, enda hafi Vinnueftirlitið engar athugasemdir gert hvað varðaði lýsingu á svæðinu.

Stefndi segir ekki hafa verið þörf á né skylt að hafa sérstakan aðstoðarmann á staðnum þegar slysið varð. Mjög vel hafi sést úr stjórnhúsi gröfunnar niður á undirlagið og belti gröfunnar og vandalaust fyrir stjórnanda gröfunnar að sjá staðsetningu hennar á undirlaginu. Hafi Lúðvík verið manna reyndastur að vinna með beltagröfu við þessar starfsaðstæður og manna færastur til að fylgjast sjálfur með og meta allar aðstæður við vinnuna og stöðu gröfunnar á undirlaginu. Stefndi segir Lúðvík sjálfan hafa stjórnað framkvæmd á verkinu, enda unnið gröfuvinnu í námumni allan veturinn og engin þörf hafi verið á annarri verkstjórn. Segir stefndi að ef þess hefði verið þörf hefði Lúðvík fengið aðstoðarmann ef hann hefði óskað þess, en svo hafi ekki verið. Vinnueftirlitið hafi heldur engar athugasemdir gert við það eða verkstjórnina. Sé því alls ósannað að mati stefnda að viðvera aðstoðarmanns á staðnum hefði afstýrt slysinu.

Fullyrðingar í stefnu þess efnis að verk það sem Lúðvík var falið hafi verið mjög hættulegt segir stefnda vera rangar. Verkið hafi ekki verið hættulegra en gengur og gerist í malar- og grjótnámum, þar sem unnið sé með beltagröfum við hreinsun og tilfærslu grjóts og annarra jarðvegsefna. Hafi ekki verið um að ræða hættulegan atvinnurekstur í lagaskilningi. Verði því ekki séð að stefnendur byggi kröfur sínar á því að mati stefndu.

Því segja stefndu ljóst að þau beri ekki skaðabótaábyrgð á slysi Lúðvíks og því sé ekki grundvöllur til heimtu skaðabóta fyrir missi framfæranda úr hendi stefndu.

Varakröfu sína byggja stefndu á því að Lúðvík eigi í öllu falli meginsök á slysinu og beri að lækka stefnukröfur til samræmis við það. Vísa stefndu til eigin sakar Lúðvíks á slysinu eins og áður sé greint frá. Verði ekki fram hjá því horft að ef Lúðvík hefði ekki farið með belti gröfunnar út fyrir jaðar undirstöðunnar, eins og hann gerði, og ekki vanrækt að hafa undirstöðuna nægilega trausta í kantinn þá hefði ekkert slys orðið. Sé eigin sök Lúðvíks á slysinu því vafalaus að mati stefndu.

Þá telja stefndu að lækka beri stefnukröfur sem svari mismun á umstefndu jafnvirði barnalífeyrisgreiðslna til 20 ára aldurs og jafnvirði barnalífeyrisgreiðslna til 18 ára aldurs, en samkvæmt 14. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 takmarkist fjárhæð bóta við jafnvirði barnalífeyrisgreiðslna til 18 ára aldurs, en stefnendur hafi ekki leitt sönnur að því, að þeir myndu í raun hafa notið framfærslu Lúðvíks heitins til 20 ára aldurs svo sem stefnukröfur miðast við. Einnig mótmæla stefndu kröfu vegna áætlaðs útfararkostnaðar sem of hárrí og órökstuddri og upphafstíma dráttarvaxtakröfu sé einnig andmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

Niðurstaða

Stefnendur reisa bótaábyrgð á sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Telja stefnendur að koma hefði mátt í veg fyrir slys Lúðvíks Halldórssonar heitins ef verkstjórn og aðstæður á vinnustað hefðu verið fullnægjandi, lögum og reglum verið fylgt, grafan búin lögboðinni veltigrind og

nægileg aðgát verið viðhöfð á vinnustað af hálfu stjórnenda stefnda, Suðurverks hf.

Fram fór rannsókn á slysinu af hálfu lögreglunnar á Eskifirði og Vinnueftirlitsins. Samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglunnar á Eskifirði var Lúðvík Halldórsson við vinnu á Caterpillar beltagröfu í grjótnámu við Desjarárstíflu við Kárahnjúka þegar slysið varð 2. apríl 2006. Grjótið var unnið með því að sprengja fram brúnina í námunni og var beltagrafan notuð eftir sprengingar til að færa til grjótið og hreinsa brúnina. Fyrr þann dag sem slysið varð hafði verið sprengt kl.17:00 í námunni um 60 til 70 metra langt belti. Beltagrafan var staðsett uppi á grjóthaugnum sem hafði myndast framan við klettastálið við sprenginguna, þar sem Lúðvík útbjó púða (plan) fyrir vélina meðan hann vann verk sitt. Hann var að vinna við að hreinsa móbergslag og frostkögglu úr brúninni og var einn við vinnu sína þegar slysið varð.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir svo um niðurstöðu rannsóknar:

Við skoðun Vinnueftirlitsins á vettvangi lá grafan á hliðinni og stjórnhús hennar lá á stórum steini og hafði það lagst mikið saman. Gröfuarmurinn var mikið reistur og sneri í um 45° miðað við stöðu beltanna. Af ummerkjum að dæma voru greinileg fôr eftir belti vélarinnar þar sem hún hafði staðið á plani þar sem grjóthryggur hafði myndast á milli beltanna. Við skoðun á undirlagi vinstra beltis sást að þar vantaði u.þ.b. 1/3 í undirlagið miðað við undirlag hægra beltis... Við skoðun á vettvangi var mikil hálka og svæðið erfitt yfirferðar. Af ummerkjum að dæma var ekki hægt að sjá að steinn eða annar jarðvegur hafi skriðið undan vinstra belti gröfunnar.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir svo um niðurstöðu rannsóknar:

Miðað við stöðu gröfuarms sem var u.þ.b. í efstu stöðu og skófluna framrétta og stöðu við undirvagn virðist, sem henni hafi verið beint að námukantinum (móbergslaginu) ofan á bergstálinu þegar hún valt. Af ummerkjum að dæma virðist ljóst að vélin hefur ekki skriðið til heldur oltið, þar sem grjóthryggur milli beltafaranna, þar sem vélin hafði staðið var mjög greinilegur.

Um orsök slyssins segir svo í skýrslu Vinnueftirlitsins:

Með hliðsjón af ofangreindu og þeim gögnum sem liggja fyrir er það mat Vinnueftirlitsins að rekja megi orsök slyssins til þess að grafan hafi staðið þannig að framendi vinstra beltisins hafi verið á lofti, þar sem í undirlagið vantaði u.þ.b. 1/3 af lengd þess og hún því oltið á hliðina vegna þyngdartilfærslu. Einnig er hugsanlegt að undirlag vinstra beltis gröfunnar hafi gefið sig og við það hafi hún oltið á hliðina. Mögulegt er að ofangreindir þættir hafi verið samverkandi.

Niðurstaða Vinnueftirlitsins um orsök slyssins er á sömu lund og komist var að samkvæmt rannsóknarskýrslu lögreglu.

Stefnendur byggja í fyrsta lagi á því að ófullnægjandi aðstæður hafi verið til vinnu á vinnusvæðinu umræddan dag. Lúðvík hafi verið falið að vinna einum, án aðstoðar, á afar stórgrýttu vinnusvæði í rökkri við hættulega vinnu. Lýsing hafi ekki verið fullnægjandi.

Vitnið Helgi Benóný Gunnarsson, verkstjóri hjá stefnda Suðurverki hf., bar fyrir dómi að vinna við námuna hafi staðið yfir allan veturinn, líklega allt frá árinu 2004. Hafi vinnan snúist um að ná í grjót til að setja utan á Desjarárstíflu. Vitnið sagði Lúðvík hafa verið alvanan, hann hafi verið mjög klár og hefði unnið lengi við það starf sem hann innti af hendi þennan dag. Vegna aðstæðna hafi verið ákveðið að vinna grjótvinnslna neðan frá. Bergið hafi verið hallandi og því ekki aðstæður til að vinna bergið ofan frá. Vitnið segir að aðferðin við verkið hafi verið ákveðin af þeim í sameiningu. Þetta hafi ekki verið í fyrsta skipti sem verkið var unnið á þennan hátt. Vitnið kvaðst ekki hafa skoðað sérstaklega planið sjálft sem grafan stóð á, en sagði Lúðvík allan veturinn hafa útbúið viðlíka plan undir gröfuna. Vitnið sagði það aldrei tíðkast að hafa annan mann til að leiðbeina við verkið á staðnum, því sá einstaklingur væri þá í mikilli hættu. Um beltagröfuna sem Lúðvík vann á sagði vitnið að um væri að ræða venjulega gröfu með sérstakri grjótskóflu. Veltigrindur séu inni í húsunum, og komi grafan þannig frá framleiðanda.

Vitnið Þórir Árnason, verkstjóri stefnda Suðurverks hf., sagði fyrir dómi að ekki tíðkist að setja viðbótar öryggisbúnað á húsið umfram það sem hafi verið til staðar á gröfunni. Vélin hafi verið búin grjóthlíf að framanverðu en slík hlíf gagnist ekki í slysi sem þessu. Sagði hann jafnframt að Lúðvík hefði verið mjög vanur starfi sem þessu og að hann hefði útbúið plan undir gröfuna. Hafði vitnið ekki séð neitt óvenjulegt við planið, það hafi virst venjulegt og traust, en vitnið sagðist hafa skoðað planið eftir slysið. Vitnið sagði jafnframt ekkert benda til þess að planið hefði gefið sig á einhvern hátt. Vitnið sagði aðferðina við að hreinsa bergið, en það var gert neðan frá, hafa komið til vegna þess að frost hafi verið mikið og því hentað illa að hreinsa bergið ofan frá. Vitnið sagði að oft væri haft samráð milli vinnumanna ef erfiðar aðstæður koma upp en yfirleitt séu þetta vanir menn sem vinni þessa hefðbundnu vinnu frá degi til dags. Vitnið áréttaði að Lúðvík hefði verið mjög vanur starfsmaður sem starfað hafði við þetta árum saman.

Samkvæmt vottorði veðurstofu var veður á Kárahnjúkum þann 2. apríl 2006 sem hér segir: kl. 19:00: NNV 6.3 m/s, hiti – 7,4° C , kl.20:00: NV 6,9, mesti vindhraði 7,0, hiti – 7,3° C. Í rannsóknarskýrslu lögreglu segir að bjart hafi verið af degi og gengið á með smáéljum.

Af gögnum máls verður ekki ráðið að óforsvaranlegt hafi verið að fela Lúðvík að vinna þetta verk við þær aðstæður sem voru. Fyrir liggur að Lúðvík var mjög vanur og hæfur stjórnandi vinnuvéla, eins og þeirrar sem hann vann á er slysið varð. Þá hafa verkstjórar stefnda, Suðurverks hf., borið að hann hafi oft unnið samskonar verk áður og stjórnandi gröfunnar sé ávallt einn að verki. Þá benda rannsóknargögn ekki til annars en að verkið hafi verið unnið við viðunandi birtuskilyrði. Af hálfu Vinnueftirlitsins, sem rannsakaði slysavettvang, voru engar athugasemdir gerðar við vinnuaðstæður, verkstjórn eða framkvæmd verksins. Verður því ekki fallist á að stefndi, Suðurverk hf., beri bótaábyrgð á slysinu vegna ófullnægjandi starfsaðstæðna.

Stefnendur byggja í öðru lagi á því að slysið megi rekja til ófullnægjandi öryggisbúnaðar gröfunnar sem Lúðvík vann á er slysið varð. Í því sambandi er einkum vísað til þess að grafan hafi ekki verið búin veltigrind til að tryggja öryggi stjórnandans.

Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 431/1997 um notkun tækja, sem í gildi var þegar slysið varð, kemur fram að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum eru látin í té innan fyrirtækis henti til þeirra verka sem vinna eigi eða séu hæfilega löguð að þeim. Í grein 3.1.4. í viðauka I í nefndri reglugerð, segir að hreyfanlegt tæki skuli annað hvort búið veltigrind sem komi í veg fyrir að tækið hallist meira en 45 gráður eða með grind, sem skapi nægilegt rými umhverfis starfsmann, ef hallinn verði meiri en 45°, eða með öðrum búnaði sem hafi sömu áhrif. Þá segir í 3. mgr. greinar 3.1.4. í viðauka I að sé hætt á að starfsmaður sem sé á tækinu geti kramist milli hluta tækis og undirlags, ef tækið velti, skuli vera á því öryggisbúnaður til að koma í veg fyrir slíka hættu.

Samkvæmt upplýsingum frá vélasviði Heklu hf., sem flytur inn Caterpillar vinnuvélar, var vinnuvél sú sem hér um ræðir ekki með búnað til að koma í veg fyrir að vélin ylti. Fram kom að vélin hafi verið búin sterku húsi og svokallaðri FOPS eða „Falling Object Protection System“ sem er vottuð varnargrind til varnar hlutum sem falla ofanfrá og niður á hús tækisins. Jafnframt er greint frá því að Caterpillar beltagröfur séu ekki búnar vottuðu ROPS húsi eða „Rolling Over Protective Structure. Tækið og hús þess sé smíðað til samræmis við útlistun og kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/37/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélabúnað og sé CE merkt eins og lög gera ráð fyrir. Vélin var með gilda skoðun frá Vinnueftirlitinu til ágúst 2006 og var hún að mati Vinnueftirlitsins rétt búin miðað við það verk sem henni var ætlað. Verður því ekki fallist á að með notkun tækisins í því verki sem hér um ræðir hafi, að því er öryggisbúnað þess varðar, verið brotið gegn 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 431/1997 og grein 3.1.4. í viðauka I, enda er þar sérstaklega tekið fram að ekki séu gerðar kröfur um veltigrindur þegar tækið stendur stöðugt við notkun.

Stefnendur byggja í þriðja lagi á því að stöðuleiki gröfunnar hafi ekki verið tryggður og með því hafi verið brotið gegn ákvæðum II. viðauka reglugerðar nr. 431/1997, en þar segi í grein 1.1. að tæki skuli staðsett og notað þannig að sem minnst hættu stafi af fyrir þá sem það nota. Einnig hafi verið brotið gegn grein 3.1.1. en þar segir að tæki sem séu hreyfanleg og ætluð til að lyfta byrði skuli notuð þannig að stöðugleiki tækisins sé tryggður á meðan á notkun tækisins stendur við allar fyrirsjáanlegar aðstæður og tekið sé mið af því hvernig undirlagið sé.

Eins og fram er komið stjórnaði Lúðvík sjálfur framkvæmd á verki sínu og bjó til undirstöðu (plan) með gröfunni ofan á grjótgarði fyrir gröfuna til að standa á við verkið. Var hann þaulvanur í slíkum verkum. Liggur ekkert fyrir um það í rannsóknargögnum að andstætt hafi verið greindum ákvæðum II. viðauka reglugerðarinnar hvernig að því verki var staðið og er þeirri málsástæðu hafnað.

Ekki verður fullyrt með vissu um orsök slyssins en af niðurstöðu rannsóknar lögreglu og Vinnueftirlitsins verður ráðið að tvennt komi til greina. Annars vegar að grafan hafi staðið þannig að framendi vinstra beltisins hafi verið á lofti, þar sem í undirlagið vantaði u.þ.b. 1/3 af lengd þess og hún því oltið á hliðina vegna þyngdartilfærslu. Hins vegar að undirlag vinstra beltis gröfunnar hafi gefið sig og við það hafi hún oltið á hliðina. Eins sé mögulegt að þessir þættir hafi verið samverkandi. Hvort heldur sem var er ósannað, eins og atvikum er háttað í máli þessu, að slysið verði rakið til atvika, sem stefndi, Suðurverk hf., ber bótaábyrgð á.

Verða stefndu því sýknaðir af kröfum stefnenda í máli þessu, en rétt þykir að málskostnaður verði felldur niður.

Stefnendur hafa gjafsókn í máli þessu samkvæmt gjafsóknarleyfum dags. 12. febrúar 2009. Allur gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnenda, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 1.091.850 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndu, Suðurverk hf. og Vátryggingafélag Íslands hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, Kaju Óskar Skarphéðinsdóttur f.h. ófjarráða dóttur sinnar, Anítu Rúnar Bech Kajudóttur, og Lindu Bjargar Reynisdóttur f.h. ófjarráða dætra sinna, Gunnhildar Erlu Lindudóttur og Huldu Siggerðar Lindudóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnenda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns stefnenda, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hæstaréttarlögmanns, 1.091.850 krónur.

Eggert Óskarsson